

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 26/2009

frá 17. mars 2009

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 5/2009 frá 5. febrúar 2009 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 123/2008 frá 12. febrúar 2008 um breytingu og leiðréttingu á VI. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 345/2008 frá 17. apríl 2008 um nákvæmar reglur um innflutning frá þriðju löndum sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum (endurútgefin) ⁽³⁾.
- 4) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 345/2008 fellur úr gildi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 94/92 ⁽⁴⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.
- 5) Ákvörðun þessi á ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

XII. kafli II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Brott falli texti fyrsta undirliðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 94/92), 17. undirliðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 314/97), 20. undirliðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1367/98), 26. undirliðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1566/2000), 29. undirliðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2589/2001), 30. undirliðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 548/2000), 31. undirliðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1616/2000), 32nd undirliðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2426/2000), 33rd undirliðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 349/2001), 36. undirliðar (reglu-

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 73, 19.3.2009, bls. 38, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 16, 19.3.2009, bls. 9.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 38, 13.2.2008, bls. 3.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 108, 18.4.2008, bls. 8.

⁽⁴⁾ Stjtið. [EB](#) L 11, 17.1.1992, bls. 14.

gerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1162/2002), 37. undirliðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2382/2002), 39. undirliðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 545/2003), 41. undirliðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2144/2003) og 57. undirliðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 956/2006) í lið 54b (reglugerð ráðsins (EB) nr. 2092/91).

2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54b (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91):
„– **32008 R 0123**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 123/2008 frá 12. febrúar 2008 (Stjtíð. ESB L 38, 13.2.2008, bls. 3).“
3. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 54zzzw (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/5/EB):
„54zzzx. **32008 R 0345**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 345/2008 frá 17. apríl 2008 um nákvæmar reglur um innflutning frá þriðju löndum sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum (endurútgefin) (Stjtíð. ESB L 108, 18.4.2008, bls. 8).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 123/2008 og 345/2008, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 18. mars 2009 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 17. mars 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Alan Seatter

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.